



Fundur í hafnarnefnd

6. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn mánudaginn 3. desember 2019. Fundur var settur kl. 16:00.

Mætt voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson og Jónas Jóhannsson og Elías Pétursson hafnarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Fundargerð 2. fundar samráðsnefndar Fiskistofu og Hafnarsambands Íslands

Fundargerðin lögð fram.

2. Samstarfshópur hafsögumanna og skipstjóra – Starfsrammi og tilgangur

Erindið lagt fram.

3. Olíuafgreiðsla á Bakkafirði

Tölvupóstur, dags. 23. október frá Jóhanni Þór Sigurðssyni hjá Vegagerðinni með kostnaðaráætlun vegna nýrrar olíuafgreiðslu við höfnina á Bakkafirði. Teikningar frá Króla ehf. með legu og mögulegri útfærslu fylgja einnig með.

Bókun um afgreiðslu: Samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um nánari útfærslu tillögu hennar á nýrri flotbryggju á Bakkafirði.

Samþykkt samhljóða.

4. Þróun hafnarinnar á Þórshöfn – Tillögur að framkvæmdum og sýn

Þrjár tillögur og sýn á stækkun hafnarinnar á Þórshöfn, dags. í nóvember 2019, lagðar fram, ásamt teikningum.

Bókun um afgreiðslu: Ákveðið að kynna framlagðar hugmyndir fyrir forsvarsmönnum Ísfélags Vestmanneyja og skoða nánar möguleika auknum tekjum stækkun hafnarinnar.

Samþykkt samhljóða.

5. Dýptarmæling í höfninni á Þórshöfn

Niðurstöður dýptarmælingar Vegagerðarinnar/Geisla, dags. 27. nóvember 2019, lagðar fram.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að kynna niðurstöðurnar fyrir fulltrúum Ísfélags Vestmannaeyja.



Samþykkt samhljóða.

6. Endurskoðun deiliskipulags

Uppdráttur með deiliskipulagi hafnarsvæðis á Þórshöfn, dags. 8. mars 2012 lagður fram.

Bókum um afgreiðslu: Hafnarnefnd mælist til þess við sveitarstjórn að deiliskipulag hafnarsvæðisins á Þórshöfn verði endurskoðað á næsta ári.

Samþykkt samhljóða.

7. Eyrarvegur 12 til 16 – Ósk um breytt lóðarmörk

Lögð fram beiðni frá Almari Eggertssyni f.h. Ísfélags Vestmannaeyja, dags. 27. nóvember 2019 þar sem óskað er eftir breyttri legu lóðamarka við suðurhlið Eyrarvegar 12. Einnig fylgja með teikningar og uppdráttir af fyrirhugaðri stækkun á frystihúsi fyrirtækisins á höfninni. Einnig er lagður fram tölvupóstur frá skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins, Arnari B. Ólafssyni landlagsarkitekt, dags., 27. nóvember 2019.

Bókum um afgreiðslu: Nefndin er samþykkt að lóðamörkum verði breytt í samræmi við legu hússins.

Samþykkt samhljóða.

8. Eyrarvegur 12 til 16 – Byggingarleyfisumsókn

Umsókn um byggingarleyfi frá Almari Eggertssyni, f.h. Ísfélagsins, dags. 8. október 2019, vegna fasteignanúmers F2167747 og landnúmers L154629, lögð fram. Umsókninni fylgja teikningar og nánari skýringar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun 2020 og 2021 til 2023

Lagt fram: Yfirlit rekstrar Hafnarsjóðs 2018, útkomuspá fyrir árið 2019 og áætlun 2020, yfirlit um efnahag og sjóðsstreymisyfirlit sama tímabils, ásamt rammaáætlun Langanesbyggðar fyrir árið 2020 – 2023.

10. Önnur mál

Sveitarstjóri fór stuttlega yfir þau verkefni sem eru í gangi á vegum hafnarsjóðs.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:35.